

FRÉTTABRÉF

ÁVARP FORMANNS

Kæru Góðvinir,

Uppbygging og þróun heldur áfram að eiga sér stað í Háskólanum á Akureyri og við í Góðvinum, félagi brautskráðra nemenda við Háskólann á Akureyri og annarra sem láta sér hag hans varða, reynum eftir fremsta megni að styðja við hana.



Mikilvægt er að háskólinn haldi áfram að bjóða upp á öflugt, krefjandi og gott nám og hvergi má slá slóku við. Það er ósk okkar að geta haldið áfram að styðja við bakið á háskólanum okkar en til þess er stuðningur ykkar ómissandi og hvetjum við ykkur til að greiða félagsgjaldið sem mun birtast í heimabankanum ykkar í september.

Ég vil nýta tækifærið og þakka stjórn Góðvina og starfsmanni fyrir gott samstarf á árinu og vona að við getum eftir félagið enn frekar svo við getum haldið áfram að styðja við uppbyggingu Háskólans á Akureyri.

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir
formaður Góðvina HA

FRÉTTIR AF GÓÐVINUM

Í vetur hafa Góðvinir verið ötulir að styrkja starfsemi skólans. Keyptar voru spjaldtölvur sem notaðar eru í kennslu og til þess efla og styðja skólastarf í landinu. Vísindaskóli unga fólksins, sem er fyrir börn á aldrinum 11 – 13 ára, fékk styrk. Einnig var veittur styrkur til að auka við búnað í margmiðlunarsetri háskólans og keyptar voru þrjár pípettur fyrir rannsóknarstofur HA.

FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM

Aðalfundur Góðvina verður haldinn miðvikudaginn 2. september kl. 16:00 í stofu N203, Sólborg. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf og hvetjum við alla til að mæta, sérstaklega þá sem hafa áhuga á því að starfa í þágu félagsins. Kaffihressing verður í boði Lostætis.



HA FRÉTTIR VETURINN 2014/2015 BRAUTSKRÁNING HA 2015

Frú Vigdís Finnbogadóttir var heiðursgestur á brautskráningu Háskólans á Akureyri 13. júní sl. Skólinn fagnaði því að Vigdís sótti Háskólann á Akureyri heim á þessu hundraðasta afmælisári kosningaréttar kvenna. Athöfnin fór fram í glæsilegum húsakynnum skólans og voru útskrifaðir 328 nemendur. Brautskráningin var í fyrsta sinn í sögu skólans í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni N4.



METAÐSÓKN Í NÁM VIÐ HA

Rúmlega 1400 umsóknir bárust um skólavist fyrir haustið 2015 og eru það 30% fleiri umsóknir en árið á undan. Þetta er mesti fjöldi umsókna sem borist hefur Háskólanum á Akureyri frá upphafi.

VÍSINDASKÓLI UNGA FÓLKSINS



Háskólinn á Akureyri starfrækti Vísindaskóla unga fólksins í fyrsta sinn í júní síðastliðnum og þótti hann heppnast einstaklega vel. Að þessu sinni stunduðu yfir 90 nemendur á aldrinum 11-13 ára vikunám sem skiptist niður í fimm ólík þemu sem tengjast hefðbundnu námi háskólans. Áhuginn leyndi sér ekki hjá nemendum sem hikuðu ekki við að spyrja og skapa skemmtilega umræðu. Skólanum var slitið með veglegri brautskráningarathöfn þar sem þrjú nemendur skólans fluttu ávarp og Sean Scully skaut áhorfendum skelk í bringu með kraftmikilli sprengjusýningu.

NÝJAR NÁMSLEIÐIR VIÐ HA

Frá hausti 2015 verður hægt að stunda nám í tölvunarfræði á Akureyri. Um er að ræða samstarfsverkefni HA og HR en þetta er í fyrsta sinn sem þessir skólar vinna saman að beinu námsframboði. Einnig verða þrjár nýjar námslínur í boði á meistarastigi. Á heilbrigðisvísindasviði eru það Heilsugæsla í héraði og Geðheilbrigði en mikil aðsókn er í báðar þessar línur. Í fjölmiðlafræði verður í fyrsta skipti boðið upp á framhaldsnám en það nefnist Fjölmiðla- og boðskiptafræði og er samkennt með HÍ.

SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ WKU



Í mars 2015 var undirritaður samstarfsamningur á milli Háskólans á Akureyri, Western Kentucky University og Norðurljóðanets Íslands sem ber yfirskriftina Loftslagsrannsóknir á norðurljóðum (LÁN). Þessi nýstárlegi samstarfsamningur mun leggja áherslu á sameiginlegt námsframboð, nýjar rannsóknir og uppbyggingu aðstöðu ásamt því að finna leiðir til efnahagslegra framfara sem byggjast á nýrri þekkingu og samfélagsábyrgð.

HUMARPATÉ HA BAR SIGUR ÚR BÝTUM

Nýsköpunarkeppnin Ecotrophelia Ísland fór fram í maí síðastliðnum en þar var keppt í því að þróa markaðshæf, vistvæn matvæli. Nemendur HA báru sigur úr bítum með humarpaté unnið úr humarmarningu sem áður fyrr var urðuð. Liðið hlaut verðlaunagrip, peningaverðlaun og ráðgjöf frá Matís og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Auk þess fengu liðsmenn flugmiða og þátttökurétt í Ecotrophelia Europe, sem fram fer á Ítalíu seinna á árinu.

ÁRLEGIR VIÐBURÐIR VIÐ HA



Á skólaárinu 2014/2015 voru margir viðburðir á vegum HA líkt og áður. Meðal annars var HA-dagurinn haldinn en þar var meginþorri gesta nemendur í framhaldsskólum á Norðurlandi. Haldið var upp á fullveldisdaginn hátíðlega 1. desember en Kristín Aðalsteinsdóttir prófessor varð þess heiðurs aðnjótandi að hringja Íslandsklukkunni. Alþjóðadagur HA setti svip sinn á skólann þegar skiptinemar við HA sögðu frá sínum háskólum og buðu upp á framandi mat. Mikil aðsókn var á Háskóladaginn í Reykjavík og á landsbyggðinni þar sem

nemendur og kennarar HA sögðu frá háskólabænum Akureyri. Ásamt þessu voru fjölmargar málstofur á vegum deilda skólans, en þær voru opnar öllum og ókeypis aðgangur. Hægt er að fylgjast með viðburðum og fréttum HA á vefsíðu skólans, unak.is.

HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA



Á brautskráningu 13. júní 2015 voru þeir nemendur sem þóttu hafa unnið gott og óeigingjart starf í þágu háskólans sérstaklega heiðraðir. Að launum fengu þeir gullnælur sem gullsmiðurinn Kristín Petra Guðmundsdóttir hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini. Fyrirmynd nælunnar er Íslandsklukkan sem stendur á háskólasvæðinu. Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda nemendur við brautskráningu:

Heilbrigðisvísindasvið: Snæbjörn Ómar Guðjónsson

Hug- og félagsvísindasvið: Vordís Guðmundsdóttir

Viðskipta- og raunvísindasvið: Þórhildur Edda Eiríksdóttir

DOKTORSUMSÓKN

Háskólinn hefur sótt um það með formlegum hætti að fá að bjóða upp á doktorsnám. Eyjólfur Guðmundsson rektor segir þetta stærsta skref sem skólinn hefur stigið frá stofnun hans árið 1987. Skólinn hefur sent inn ítarlega skýrslu þar sem sýnt er fram á að hann er hæfur til að bjóða upp á doktorsnám á öllum sviðum skólans.

VEFSÍÐA GÓÐVINA

Slóðin á vefsíðu Góðvina er www.godvinir.is. Þar er mögulegt að gerast félagi og skoða fréttir af starfsemi og myndir frá atburðum, svo eitthvað sé nefnt. Við hvetjum alla brautskráða nemendur og starfsfólk sem ekki eru félagar í Góðvinum að skrá sig og styðja þannig við bakið á háskólanum. Þið finnið einnig Góðvini á Facebook!

GREIÐSLUSEÐLAR

Greiddsluseðlar verða sendir út í september 2015, upphæð verður ákveðin á aðalfundi. Þeir sem fá greiddsluseðil eru fullgildir meðlimir félagsins, nýbrautskráðir kandidatar, þeir sem brautskráðust fyrir tveimur, fimm, tíu, fimmtán og tuttugu árum ásamt starfsmönnum háskólans. Um er að ræða kröfu sem birtist í heimabanka sem fellur sjálfkrafa niður um áramót. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið segja sig þannig úr félaginu. Til að fá nánari upplýsingar má hafa samband við Kristínu, starfsmann Góðvina, á netfangið kristinag@unak.is.

BAKHJARLAR GÓÐVINA

